

Nd.

25. Frumvarp til laga

um breyting á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Flm.: Steingrímur Steinþórsson, Pálmi Hannesson.

1. gr.

1. Tölul. C. 9. í 2. gr. laganna orðist svo:

Sauðárkróksvegur: Frá Sauðárkróki um Varmahlíð að Goðdölum.

2. Á eftir tölulíð C. 10. í sömu lagagr. kemur nýr tölul., sem verður 11. tölul., svo hljóðandi:

Hegranesbraut: Frá Hofsósvegi á Garðsás fram Hegranes að Eyhildarholti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Frá Sauðárkróki eru um 65 km til fremstu bæja í Skagafirði vestanverðum. Á þessu svæði eru fjölhyggðar sveitir með margsettri bæjaröð og mikilli flutningaþörf, meðal annars fyrir þá sök, að allmargir bændur á þessu svæði selja mjólk til mjólkursamlagsins á Sauðárkróki, og geta þó færri en vilja vegna vegleysis. — Sauðárkróksvegur liggur fram héraðið, en aðeins yzti hluti hans, frá Sauðárkróki að Varmahlíð, telst ríkisvegur, og hefur eigi fengizt til þessa sú leiðrétting, sem telja má sjálfsagða, en hún er sú, að vegurinn allur til Goðdala verði tekinn í tölu þjóðvega, eins og farið er fram á í frv. þessu.

Nú þykir bændum þeim, er búa í framsveitum héraðsins, allþungt að búa undir þeim órétti, er þeir telja sér sýndan í vegamálunum, og hafa þeir, undantekningarlaust að kalla, sent Alþingi áskorun um að gera þeim jafnleikið við aðra, og er það sanngirnismál. Sýslunefnd Skagfirðinga hefur og samþykkt einróma áskorun um þetta og sýslumaður þeirra lagt fast með málinu. Er þess því mjög að vænta, að frv. þetta nái fram að ganga.

Hin breytingin á vegalögunum, sem hér er ráðgerð, er að gera veginn fram Hegranesið, frá Garði að Eyhildarholti, að þjóðvegi. Vegur þessi er nú sýsluvegur. Er búið að bæta veginn mikið fram Hegranesið. Kaflar vegarins eru fullgerðir, en aðrir aðeins lagfærðir, svo að bílfært er að sumarlagi. Bændur í Hegranesi hafa lagt mikið fé til þessa vegar. Mun láta nærri, að hvert býli í hreppnum hafi lagt eitt þúsund krónur til vegarins. Það er nú ofraun bæði sýslufélaginu og hreppsfélaginu að fullgera þennan veg og annast viðhald hans. Þess vegna er farið fram á, að vegurinn verði gerður að þjóðvegi.